



Banaslys 27. nóvember 2010

Borgarbraut, Borgarnes.


Ekið á gangandi vegfaranda

Látin 77 ára kona

Lýsing á slysi

Ökumaður fólksbifreiðar ók Borgarbraut í Borgarnesi til suðurs. Á sama tíma gekk gangandi vegfarandi, kona áleiðis yfir Borgarbrautina á gangbraut á móts við pósthúsið þar. Ökumaður sá ekki til konunnar og ók á hana. Þegar slysið varð var sól lágt á lofti úr suðri og blindaði ökumann. Konan sem fórst í slysinu var sem var 77 ára kona.

Af ummerkjum á vettvangi að dæma hemlaði ökumaður ekki fyrr en eftir ákeyrsluna. Bifreiðin staðnæmdist 17 metra frá gangbrautinni þar sem ákeyrslan varð. Sjáanleg hemlaför voru 7 metra löng. Hraðaútreikningur rannsóknarnefndarinnar bendir til þess að bifreiðinni hafi verið ekið á 35-44 km/klst. hraða þegar ákeyrslan varð en hámarkshraði á Borgarbraut er 50 km/klst.



Mynd 1. Horft norður Borgarbraut. Ákeyrslan varð á gangbrautinni.

Rannsóknir RNU miða að því að leiða í ljós orsakir umferðarslyss til að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök heldur stuðla að auknu öryggi í umferðinni.

Veður:

Bjart.

Hiti -11 gráður.

Engin ofankoma.

Vegur:

Blautt yfirborð.

Bundið slitlag.

Hámarkshraði 50

km/klst.

Tími sólarhrings:

Dagur.

Ökutæki:

Daewoo Lanos.

Slysið varð í björtu og köldu veðri. Þrátt fyrir mikið frost var ekki hálka en yfirborð var blautt. Á slyssað eru tvær akreinar á Borgarbraut, ein fyrir umferð úr hvorri átt. Óbrotin miðlína aðgreinir umferð úr gagnstæðum áttum. Gangbraut er merkt með yfirborðsmerkingu og skilti (sjá mynd 1).

Bifreiðin var af gerðinni Daewoo Lanos með negldum, óslitnum vetrarhjólborðum. Hún var skoðuð af bíltæknimanni eftir slysið. Dæld var á vinstra frambretti bifreiðinni eftir ákeyrsluna og var hliðarspegill brotinn. Útsýn um framrúðu bifreiðarinnar var ágæt og var sólskyggni ökumanns niðri. Hljóðstyrkur útvarps/geislaspilara í ökutækinu var stilltur hátt og getur það hafa dregið athygli ökumanns frá akstri.

Niðurstöður áfengis- og lyfjarannsóknar vegfarenda í umferðarslysini voru neikvæðar.

Orsakagreining

- Sól var lágt á lofti og blindaði ökumann. Ökumaður ók of hratt að gangbrautinni miðað við þessar aðstæður.
- Hljóðstyrkur útvarps/geislaspilara var hátt stilltur og kann það að hafa skert athygli við akstur.
- Gangandi vegfarandi gætti sennilega ekki að umferð áður en hann gekk út á gangbrautina.

Tillögur í öryggisátt

Hámarkshraði á Borgarbraut

Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur rétt að hámarkshraði á Borgarbraut verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. á þeim kafla sem slysið varð. Úr norðri liggur gatan niður brekku og í beygju og hafa hraðahindranir verið settar til þess að draga úr umferðarhraða. Pósthús, banki og önnur þjónusta er nálægt slyssað og tvær gangbrautir. Við gangbrautina sem slysið varð eru bílastæði og er afar óheppilegt að ökutækjum skuli bakkað útaf bílastæðum yfir gangbrautina. Sunnan við slyssað er önnur gangbraut en þar liggur gatan einnig í beygju. Vegna þrengsla er erfitt um vik að breyta umferðarmannvirkjum við Borgarbraut og því telur RNU heppilegast að hámarkshraði verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst.

Akstur móti sól

Rannsóknarnefnd umferðarslysa varar ökumenn við hættu sem skapast þegar sól er lágt á lofti. Sólskinið getur blindað ökumenn á móti sól svo þeir sjá ekki fram fyrir bifreiðina. Svona

ástand getur skapast mjög skyndilega. Á vegum og götum þar sem umferðarhraði er mikill er töluverð hættu á árekstrum við þessar aðstæður. Við götur þar sem blandast umferð ökutækja og óvarinna vegafarenda er nauðsynlegt að draga verulega úr hraða og sýna sérstaka aðgát við þessar aðstæður.

Reykjavík 11. júlí 2011
Rannsóknarnefnd umferðarslysa